

REGLUGERÐ**88**

26. ágúst

um

breyting á hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað frá 27. júní 1929.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir í dag samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, gefið út svofelda reglugerð um breyting á hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað frá 27. júní 1929.

Í stað „15 smálestum“ í 23. gr. d. lið komi: 30 smálestum.

Reglugerð þessi öðlist þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. ágúst 1932.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ**89**

30. ágúst

fyrir

bátabryggjuna og bátauppsátrið á Blönduósi.

1. gr.

Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu kys 3ja manna nefnd til þess að hafa á hendi alla yfirumsjón með bryggjunni og bátauppsátrinu. Kosning þessi gildir fyrir 3 ár í senn, en á hverju ári skal kosinn 1 maður í nefndina í stað eins, er árlega fer úr henni, sem skal verða eftir hlutkesti 1. og 2. ár. Nefndin kys sér formann úr sínum flokki og ræður bryggjuvörð, er má vera utannefndar, og semur um borgun fyrir störf hans. Formaður kallar nefndina saman á fund, þegar hann álitur þess þörf, eða bryggjuvörður krefst þess.

Nefndarmenn fá þóknun fyrir störf sín í þarfir bryggjunnar eftir reikningi, er sýslunefnd úrskurðar.

2. gr.

Bryggjuvörður skal hafa alla umsjón og eftirlit með bryggjunni, bátauppsátrinu, tækjum þeim, er fylgir hvorutveggju, allri notkun og nauðsynlegum aðgerðum, hann skal sjá um að bátar séu ekki látnir hanga í krönumum svo til бага geti orðið fyrir þá er nota þurfa bryggjuna og hegða sér í öllu eftir fyrir-